



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. september 2019

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (tekjuskattur einstaklinga, barnabætur, persónuafsláttur)“, á þingskjali 3 – 3 mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 20. september 2019 er KPMG ehf. gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG ehf. hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma eftirfarandi ábendingu á framfæri.

KPMG ehf. virðist sem skatthlutföll hafi misritast í a og b liðum 5. gr. frumvarpsins, þar sem kveðið er á um hlutföll tekjuskatts í staðgreiðslu frá og með upphafi árs 2021. Skatthlutfall í grunnþrepi er tiltekið 20,6% og skatthlutfall í miðþrepi er tiltekið 22,75%, í stað 17% skatthlutfalls í grunnþrepi og 23,5% skatthlutfalls í miðþrepi, samanber tilgreind skatthlutföll í a og b liðum 1. gr. frumvarpsins.

Eftir orðanna hjóðan frumvarpsins er þannig lagt til að innheimtuhlutfall tekjuskatts í staðgreiðslu verði það sama á tekjuárunum 2020 og 2021, sbr. ákvæði til bráðabirgða í 7. gr. frumvarpsins, þrátt fyrir að lögð séu til ólík tekjuskattshlutföll við álagningu opinberra gjalda vegna þessara tekjuára í annars vegar 1. gr. og hins vegar í a lið 4. gr.

Að öðru leyti gefur frumvarpið KPMG ehf. ekki tilefni til athugasemda.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.